

Fundargerð 266. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur þriðjudaginn 22.3.2024 kl. 10:00-11:15

Í fjarfundi: Matthías Imsland formaður, Dagný Arnarsdóttir, Pétur Óskarsson og Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 265.
Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.
2. Umóknarferli 2023-2024 - FF19
Bréf til ráðherra með tilögum að styrkþegum 2024 (FF19) ásamt fylgiskjölum samþykkt og undirritað af stjórn (sjá meðfylgjandi bréf).

Næstu fundir:

Fundi slitið kl. 11:15

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Rafræn undirritun stjórnarmanna

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra ferðamála
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Reykjavík 22.03.2024

Efni: Tillögur stjórnar FF að úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2024.


Á fundi sínum þann 22.3.2024 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða meðfylgjandi tillögur að úthlutun styrkja úr sjóðnum, sem hér með eru sendar ráðherra til ákvörðunar. Tillögur stjórnarinnar eru unnar samkvæmt lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Auglýst var eftir umsóknum þann 7. september í Bændablaðinu og 9. september í Morgunblaðinu, en umsóknarfrestur var auglýstur frá og með 11. september til kl. 13 fimmtudaginn 19. október 2023. Eins birtist auglýsing í sveitarstjórnarmálum 2.tbl. 83. árgangi 2023.

Alls bárust 125 umsóknir um styrki að fjárhæð kr. 2.927.214.428,- til verkefna að heildarfjárhæð kr. 4.052.120.067,-. Af innsendum umsóknum voru 31 ekki taldar uppfylla formkröfur sjóðsins eða falla utan verkviðs hans skv. lögum nr. 75/2011 og reglugerð nr. 782/2017 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Að auki voru fjórar umsóknir dregnar til baka af ýmsum ástæðum.

Að þessu sinni er lagt til að alls 29 verkefni hljóti styrk, samtals kr. 538.700.000,-. Af þeim verkefnum sem fá styrk að þessu sinni eru 24 af 29 verkefnum skilgreind á áfangastaðaáætlun innan síns svæðis.

Virðingarfyllt,




Matthías Imsland, formaður



Dagný Arnarsdóttir



Pétur Óskarsson



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Fylgigögn tillagna:

FF19 2024 - Tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

FF19 2024 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. tegund umsækjenda.

FF19 2024 - Tillaga stjórnar að styrkþegum skv. landshlutum.

FF19 2024 - Yfirlit umsækjenda – afgreiðsla mála.

FF19 2024 - Skipting umsækjenda eftir landshlutum (kökurit).

FF19 2024 - Skipting styrkþega eftir landshlutum (kökurit).

FF19 2024 - Gæðamatsblað umsókna.

FF19 2024 - I - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.

FF19 2024 - II - Stigagjöf fyrir viðmið gæðamats.

FF19 2024 - Auglýsing.